

Byggingarfulltrúi
Bolungarvíkurkaupstaður
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík



Reykjavík 30. maí 2017
UST201704-124/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi urðunarstaðar á Hóli í Bolungarvíkurkaupstað

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Bolungarvíkur er barst 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir urðunarstaðinn að Hóli.

Í lýsingu kemur fram að í gildandi aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008-2020 er gert ráð fyrir að vinnu við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs ljúki á gildistíma þess og að urðun og efnisvinnslu verði hætt á Hóli á skipulagstímanum. Einnig kemur fram að vinna við svæðisáætlun sé ekki hafin.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er um 4,7 ha að stærð og að urðunarstaður í landi Hóls hafi starfsleyfi til að urða allt að 500 tonnum af óvirikum úrgangi á ári auk jarðgerðar lífræns úrgangs til 2018. Einnig kemur fram að urðunarstaðurinn sé umdeildur vegna nálægðar við Hólsá og margvíslega starfsemi s.s. Hólskirkju sem er friðuð, kirkjugarð, Grunnskóla Bolungarvíkur og hverfisverndað svæði. Einnig kemur fram að markmið deiliskipulagsins er að framlengja nýtingu urðunarstaðarins til takmarkaðs tíma eða þar til viðunandi lausn finnst fyrir meðhöndlun óvirks úrgangs af svæðinu og að einnig er markmið um að ganga frá svæðinu að urðun lokinni.

Umhverfisstofnun tekur undir að starfsemi urðunarstaðarins er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar og að áætlunin fellur undir lög um umhverfismat áætlana 105/2006.

Deiliskipulag


Umhverfisstofnun tekur undir lista yfir helstu þætti sem fjallað verður um í væntanlegu deiliskipulagi. Umhverfisstofnun bendir á að í dag er ekki til mæliáætlun yfir frárennsli frá urðunarstaðnum, og er mikilvægt að mati stofnunarinnar að unnið sé að vöktunaráætlun og mæliáætlun fyrir svæðið að þær áætlanir komi fram í umfjöllun um mengunarvarnir hvað varðar yfirborðsvatn og grunnvatn í umhverfisskýrslu væntanlegs deiliskipulags.

Umhverfisviðmið


Umhverfisstofnun tekur undir lista yfir umhverfisviðmið, en þar sem Hólsá rennur við hlið urðunarstaðarins og hætta er á leka frá urðunarstaðnum þangað, telur stofnunin að Lög um stjórnun vatnamála nr. 36/2011 þurfi einnig að vera til viðmiðunar.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vinna við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs verði hafin sem fyrst, einnig bendir stofnunin á að gera þurfi mæliáætlun um vöktun á frárennsli frá urðunarstaðnum sem fyrst.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur